

S A M Þ Y K K T

33

um gjalddaga útsvara á Akureyri.

12. maí

Gjalddagar útsvara til bæjarsjóðs Akureyrarkaupstaðar skulu vera tveir á árinu 1936, 14. maí og 1. september, og skal greiða helming útsvars í hvort skipti.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 59, 8. september 1931, um breytingu á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör, til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. maí 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

R E G L U G E R Ð

34

fyrir vatnsveitu Hríseyjarkaupþúns.

11. júní

1. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna snerta, annast vatnsveitunefnd. Skal hún skipuð þrem mönnum, heimilisföstum í Hrísey, og tilnefnir hreppsnefnd einn þeirra, en hinir tveir skulu kosnir á miðsvetrarfundi hreppsins ár hvert.

Vatnsveitunefndin annast um byggingu vatnsveitunnar, og kostnaður við nefndarstörfin færast á kostnaðarreikning vatnsveitunnar. Þegar byggingu vatnsveitunnar er lokið, skal vatnsveitunefnd gera fullnaðarreikninga yfir byggingarkostnað vatnsveitunnar og leggja þá undir endurskoðun til endurskoðenda sveitarreikninganna og síðan fyrir næsta miðsvetrarfund til samþykktar hreppsþúa. Nefndin annast um bókhald vatnsveitunnar og innheimtu vatnsskatts og fær fyrir það laun, er ákveðin skulu á miðsvetrarfundi ár hvert. Nefndin getur falið einum manni úr sínum flokki störf þessi, en bera skal hún ábyrgð á störfum þess manns í þágu vatnsveitunnar.

2. gr.

Af öllum húsum í kaupþúninu, sem virt eru til fasteignaskatts og vatni er veitt í og standa á svæðinu frá Asíu og Selaklökk og lægra en vatnsþróin, skal greiða vatnsskatt, enda eiga húseigendur rétt á að fá vatnsæð lagða að húsvegg, ef íbúð er í húsinu, ef fiskverkun eða síldarverkun fer þar fram, eða ef tvær eða fleiri kýr eru í húsinu. Skatturinn skal lagður á eftir hinni lögskipuðu fasteignamatsvirðingu húsanna að undanskildu virðingarverði lóðanna

34

11. júní

3. gr.

Húsum kaupþúnsins skal skipt í flokka til skatts, sem hér segir:

I. fl. Öll hús, sem aðeins ein eða engin íbúð er í:

Af fyrstu 10000 kr. virðingarverðs	3,45%
— næstu 10000 kr. virðingarverðs	3,25—
— því, sem fram yfir er 20000 kr.	2,75—

II. fl. Hús, sem tvær íbúðir eru í eða fleiri:

Af fyrstu 10000 kr. virðingarverðs	3,95%
— næstu 10000 kr. virðingarverðs	3,65—
— því, sem fram yfir er 20000 kr.	3,25—

4. gr.

Fyrir öll vatnsafnot, sem fram yfir eru venjulegar heimilisþarfir, skal gjald-ið ákveðið með samningi við vatnsveitunefndina.

Enginn má setja hreyfivélar í samband við vatnsæðarnar.

5. gr.

Fyrir vatn í síldar- og kjötpækil skal greiða í vatnsskatt 8 aura fyrir hverja tunnu síldar eða kjöts. Fyrir vatn til fiskþvottar skal greiða 20 aura fyrir hvert skip pund. Fyrir hvern vatnshana utanhúss 4 krónur á ári. Vatnsveitunefnd er heimilt að setja vatnsmæla við síldar- eða fiskverkunarstöðvar, ef henni þykir ástæða til, og greiði þá stöðvareigandi 12 krónur á ári í mælisgjald og eina krónu fyrir hverja smálest vatns, sem fram yfir er venjulega notkun í tunnu síldar og kjöts eða á skip pund.

6. gr.

Fyrir vatn til skipa skal greiða við afhendingu 2 kr. fyrir smálest; þó sé aldrei greitt minna í hvert skipti en 6 kr. fyrir fiskiskip og 15 kr. fyrir öll önnur skip, enda hefir enginn leyfi til þess að selja vatn eða gefa til skipa, nema vatnsveitan sjálf. Afhendingarmanni vatns í skip skal greiða þóknun af tekjum vatnsveitunnar eftir ákvörðun vatnsveitunefndar og hreppsnefndar.

7. gr.

Ef vatnsæð er lögð að fjósi, sem ekki er metið til fasteignamats, þar sem tvær eða fleiri kúr eru, skal fjóseigandi greiða í vatnsskatt 4 kr. fyrir hverja kú á ári.

8. gr.

Allir, sem eiga hús, verkunarstöðvar, þar sem verkaður er fiskur eða síld, á svæðinu, sem um getur í 2. gr. reglugerðarinnar, skulu skyldir að greiða vatnsskatt án tillits til þess, hvort þeir nota vatn eða ekki, þó ekki fyrr en vatnsæð er lögð að húsum þeirra eða verkunarstöðvum.

9. gr.

34

Ef tekjur vatnsveitunnar hrökkva ekki fyrir gjöldum, getur vatnsveitunefnd í samráði við hreppsnefnd hækkað vatnsskattinn um allt að 20%.

11. júní

10. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. október ár hvert.

Vatnsskatt má taka lögtaki. Skatturinn nýtur lögveðsréttar í húseigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hverskonar sammingsveði og aðfararveði.

11. gr.

Hreppsnefnd og vatnsveitunefnd löggilda vatnsvirkjara, er þær telja hæfa, svo marga, er þeim þurfa þykir, til þess að leggja aukavatnsæðar, er vatnsveitan eða einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við vatnsæðar þorpsins, og skulu þeir skyldir að fara eftir reglum þeim, er vatnsveitunefnd setur. Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja æðar frá vatnsveitunni í hús eða um þau eða gera breytingar á vatnsæðunum.

12. gr.

Skylt skal hverjum húseiganda og hverjum þeim, er vatnsæð hefir, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða þær bila. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

13. gr.

Vatnsveitunefnd, umsjónarmanni og löggiltum vatnsvirkjurum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði að einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað eiganda.

14. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að loka vatnsæðunum fyrir þeim, er vanrækja að gera við leka á pípum eða tækjum, sem eru í sambandi við þær, eða eyða vatni að óþörfu, og ennfremur fyrir þeim, sem ekki greiða vatnsskatt, efni, vinnu eða annað, sem vatnsveitan leggur til, á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig fyrir þann tíma, sem vatnsæðunum er lokað sökum bilana eða annara ófyrirsjáanlegra forfalla.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, samkvæmt ákvæðum vatnalaga nr. 15 1923.

16. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögglu-mál.

34
11. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júní 1936.

Hermann Jónasson.

Vígfús Einarsson.

35
12. júní

S A M Þ Y K K T

fyrir Fiskiræktarfélag Önfirðinga.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktarfélag Önfirðinga. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns félagsins.

2. gr.

Markmið félagsins er að koma á laxveiði í svonefndum ós, vöðum og ám þeim, sem í þau falla, svo sem með klaki, friðun og eyðingu sels og annars veiðivargs, setja reglur um veiðitæki og veiðiaðferðir, ef nauðsyn krefur, eftir því sem lög leyfa. Sömuleiðis að starfrækja sameiginlega veiði fyrir alla félagsmenn, ef aðalfundur samþykkir, að fengnu leyfi veiðimálastjóra og veiðimálanefndar.

3. gr.

Félagssvæðið eru allar þær jarðir, sem lönd eiga að greindum vötnum frá Selabóli að Holti að báðum þeim jörðum meðtöldum.

4. gr.

Félagið kaupir laxaseiði til uppeldis í vötnum sínum eða starfrækir laxaklak á þeim stað, sem félagsstjórnin velur í samráði við fiskræktarráðunaut. Kostnaði við þessa starfsemi skal jafnað á félagsmenn samkvæmt gjaldskrá félagsins.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skal einn þeirra eiga heimili í Flateyrarhreppi og tveir í Mosvallahreppi. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, og ganga úr stjórninni einn í senn, fyrstu árin eftir hlutkesti. Sömuleiðis skulu kosnir tveir varamenn, annar úr Flateyrarhreppi, en hinn úr Mosvallahreppi.

6. gr.

Stjórnin hefir á hendi allar framkvæmdir félagsins á milli funda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með öllum störfum þess